

**Ed.**

**629. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 25. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verði töluliður 2, og breytist liðatalan samkvæmt því:

2. Er að vísu voru teknir á aðalskrá, en síðan hefur orðið víst um, að framtöl þeirra til skatts voru að verulegu leyti ófullnægjandi eða aðrar upplýsingar um hagi þeirra.

2. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi, er verði 28., 29. og 30. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:

28. gr

Hreppsnefndum og bæjarstjórnunum er heimilt að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en í 27. gr. segir, eftir þessum reglum:

- a. Með fjórum jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir setja nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. febr. ár hvert og auglýsa þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkv. þessum staflið. Hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar niðurjöfnun útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlum sveitarsjóðs.

- b. Álagt útsvar við aðalniðurjöfnun, að frádregnu því, sem greiða ber samkv. a-lið, ber gjaldanda að greiða með þremur eða fjórum jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóvember, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. sept., 1. október og 1. nóvember. Heimilt er sveitarstjórn þó að leyfa kaupgreiðendum að greiða þennan hluta útsvars fastra starfsmanna sinna með sex jöfnum greiðslum, þannig að gjalddagar verði einnig 2. janúar og 1. febrúar næsta ár eftir gjaldárið.
- c. Allar greiðslur samkv. þessari grein skulu inntar af höndum í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.
- d. Vangreiðsla á útsvarshluta samkv. þessari grein veldur því, að allt útsvar gjaldandans á gjaldárinu fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrir en 15. næsta mánaðar, eftir að niðurjöfnun er lokið.  
29. gr.
- a. Á kaupgreiðendum hvílir sú almenna skylda að ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sinu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkv. 27. eða 28. gr., eða þegar er kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, nema sveitarstjórnin samþykki annað.
- b. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna og styrktarfjár, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.
- c. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.
- d. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur ábyrgist greiðslu á eldri útsvarsskuldum kaupþega ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.
- e. Til lúkningar greiðslum samkv. d-lið skal þó ekki haldið eftir meira en ⅓ af því kaup, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimilli að sjá, en ella ⅓.
- f. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaup.

Sveitarstjórn getur krafist um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.

- g. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaup eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.
  - h. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupum samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupum útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt er að draga af kaupum samkvæmt d- og e-lið, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan tveggja virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.
  - i. Nú hættir útsvarsgjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafin útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda og skila fé því, sem innheimt hefur verið, ásamt innheimtu-skjölum.
  - j. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafist hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupum gjaldanda.
  - k. Ef kaupgreiðandi
    - 1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafaðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
    - 2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkv. þessari grein,
    - 3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem hér segir í h- og i-lið,
    - 4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í i-lið, þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvarsgjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein.
- Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.
- l. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkv. þessari grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.
  - m. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

30. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 29. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafist útsvarsgreiðslu af kaupum gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. f- og g-lið, þó ekki með almennri auglýsingu.

3. gr.

2. mgr. 29. gr. (er verður 32. gr.) orðist svo:

Kaupgreiðandi þeirra, er í 6. gr. B 1 getur, ábyrgist sem sjálfs sín útsvarsskuld útsvar slíkra manna án tillits til þess, hvernig kaupgjaldi og kaupgreiðslum er varið, og er kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupum, er hann geldur, fjárhæð, er nægi til greiðslu útsvarsins, enda sé honum tilkynnt um útsvarsálagninguna svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 3. mgr. 27. gr. laganna, lög nr. 23 12. febr. 1940, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni hæstvirts félagsmrh., og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Aðalefni frv. eru ákvæði 2. gr., um heimild fyrir sveitarstjórnir til að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en í 27. gr. útsvarslaganna segir og reglur um innheimtu útsvara af kaupum.

Í 21. gr. útsvarslaganna er svo fyrir mælt, að aðalniðurjöfnun útsvara fari fram á tímabilinu febrúar—maí að báðum mánuðum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Útsvörin eru lögð á gjaldendur eftir skattaframtölum þeirra. Framtalsfrestur til skatts, endurskoðun skattaframtala og álagning skatta til ríkissjóðs valda því, að álagning útsvara getur í reyndinni almennt ekki farið fram fyrir en í maímánuði, og getur innheimta útsvaranna því ekki hafizt fyrir en í júní.

Svo sem kunnugt er, eru útsvörin aðaltekjustofn bæjar- og sveitarfélaga. Með vaxandi kröfum til hins opinbera um fjárframlög til almennra mála, menntamála, atvinnumála, heilbrigðismála, bygginga til almenningsþarfa o. m. fl., hafa upphæðir útsvara aukizt stórkostlega á undanförunum áratugum. Þegar nú fjárhagsár bæjar- og sveitarfélaga eru miðuð við almanaksárið, en útgjöld þeirra nokkurn veginn þau sömu allt árið, dylst engum, að nauðsynlegt er, að innheimta megi verulegan hluta útsvaranna í fyrra missiri hvers árs. Úr þessu hefur verið bætt með lögum nr. 15 26. febrúar 1943 og nr. 100 30. desember 1943, um innheimtu hluta af útsvörum áráanna 1943 og 1944 á fyrri missirum þessara ára. Lögin gilda hvor um sig aðeins fyrir eitt ár. Telja verður óhjákvæmilegt að heimila svipað innheimtufyrirkomulag útsvara til frambúðar. Hvort tveggja er, að lántökur eru dýrar og svo getur það verið erfiðleikum bundið fyrir bæjar- og sveitarfélög að binda lánstraust sitt í stórkostlegum bráðabirgðalántökum á hverju ári, enda þótt slík lán væru fáanleg, sem telja verður vafasamt, jafnmikið fjármagn og hér er um að ræða í heild. Þá verður það og gjaldendum ofvaxið að greiða öll útsvör sín á síðari árshefningi samtímis háum sköttum í ríkissjóð, en þeir falla í gjalddaga á síðara missiri hvers árs. Þessi vandkvæði hafa löggjafanum verið ljós, og í áður nefndum lögum, nr. 23 12. febrúar 1940, eru ákvæði, sem auðsjáanlega eiga að koma í veg fyrir, að gengið verði of nærri gjaldendum um innheimtu alls útsvars hvers gjaldþegns á skömmum tíma. Er þar gert ráð fyrir, að innheimta nokkurs hluta útsvaranna dragist fram á næsta ár, að því er ýmsa gjaldendur snertir. Það er því einnig af þessari ástæðu nauðsynlegt, að innheimtu útsvaranna verði dreift um mestan hluta ársins. Ber þar allt að sama brunni og bendir til þess, að í framtíðinni verði gjalddagar útsvara hafðir sem flestir og hagað þannig, að útsvörin greiðist nokkuð að jöfnu á fyrri og síðara missiri ársins. Ætla má, að svo verði að lokum einnig um innheimtu ríkisskatta.

Það er sameiginlegt með nefndum lögum (nr. 23 12. febrúar 1940 og nr. 100 30. desember 1943), að þau eru til þess sett að auðvelda innheimtu útsvara og að í þeim er aðeins um heimildir handa bæjar- og sveitarstjórnnum að ræða.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, eru öll aðalákvæði nefndra laga sameinuð í eina heild með nokkrum nýmælum og breytingum, sem ætlað er að auka kosti þeirra. Heimildarforminu er haldið og ætlað til, að innheimtuákvæði V. kafla útsvarslaganna verði áfram í gildi, eins og einnig var gert ráð fyrir, þegar lög nr. 23 12. febrúar 1940 voru sett. Flutningsmönnum frumvarpsins er ljóst, að missemiði verða á V. kafla laga um útsvör með þessu mikla innskoti, en svo var einnig eftir setningu laga

nr. 23 12. febr. 1940, sem enn eru í gildi, en ætlazt er til, að nú falli úr gildi. Enda þótt athugandi sé, hvort semja beri nú upp nefndan lagakafla, telja flutningsmenn frumvarpsins, að það megi vel dragast enn um stund, a. m. k. þar til reynslan hefur sýnt, hvornig frumvarp það, er hér liggur fyrir, reynist í framkvæmd, ef að lögum verður.

Skv. frv. verður hin nýja 29. gr. útsvarslaganna, um innheimtuskyldu kaupgreiðenda, samræmd, eftir því sem við á, gildandi ákvæðum um skyldu kaupgreiðanda til greiðslu á ríkissjóðssköttum skv. reglugerð, 26. júní 1944. Má að visu segja, að eins mætti gefa heimild til að setja ákvæði þessi með reglugerð, en þar sem þau eru almenns eðlis og ætlað að gilda um land allt, þótti þó réttara að taka þau upp í frumvarpið með fyrirvara um, að sveitarstjórnir geti sett nánari fyrirmæli um innheimtu með reglugerð.

Nýmæli skv. þessu frv. eru einkum þessi:

1. Bæjar- og hreppstjórnnum er heimilað að ákveða útsvarsgjaldþaga skv. væntanlegri 28. gr. án samþykkis æðri stjórnarvalda hverju sinni og með því einungis að auglýsa ákvörðunina, hver á sínum stað, á sama hátt og venjulegt er þar um almennar auglýsingar.
2. Vangreiðsla á útsvarshluta á réttum gjaldþaga veldur því, að allt útsvarið á gjaldárinu fellur í gjaldþaga eftir nánar tilgreindum reglum, sbr. d-lið 28. gr.
3. Ríkari skyldur eru lagðar á kaupgreiðendur að láta sveitarstjórnnum í té alls konar skýrslur um starfsmenn, sem nauðsynlegar eru vegna útsvarsinnheimtu af kaupí. eru þau ákvæði mjög í samræmi við gildandi fyrirmæli um innheimtu tekju- og eignarskatts.
4. Tekin eru af öll tvímæli um, að fyrirmælin um innheimtu af kaupí skuli — með vissum skilyrðum — einnig ná til innheimtu eldri, gjaldkræfra útsvarsskulda (28. gr. d, e), svo og til innheimtu útsvara af kaupí gjaldþegna hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi.
5. Þá er skv. 1. gr. frv. ætlað að bæta því ákvæði við 25. gr. útsvarslaganna, að leggja megi útsvar á gjaldþegn við aukaniðurjöfnun, enda þótt hann sé á aðal-skrá, ef síðar kemur í ljós, að framtali hans hafi að verulegu leyti verið ábótavant eða aðrar upplýsingar um hagi hans ófullnægjandi. Sýnist rétt að heimila álagningu við aukaniðurjöfnun á gjaldendur, er svo stendur á um, enda þótt vafalaust megi taka fullt tillit til þess við niðurjöfnun á næsta ári, að gjaldandinn hafði borið of lágt útsvar sbr. við aðra gjaldendur árið áður. Getur niðurjöfnunarnefnd (hreppsnefnd) þá tekið hvorn kostinn, er hún kys, álagningu við aukaniðurjöfnun eða haft hliðsjón af réttari upplýsingum við álagningu næsta ár.
6. Samkv. 2. mgr. 29. gr. útsvarslaganna er kaupgreiðanda (atvinnuveitanda) erlendis búsettra útsvarsgjaldenda, er hér hafa stundað einhvers konar atvinnu, einungis heimilt að halda eftir 10% af greiddu kaupí til greiðslu útsvars. Í 3. gr. frv. er lagt til, að sérregla þessi verði afnumin og kaupgreiðendum gert að skyldu að gera full skil á álögdum útsvari á gjaldanda, sem er heimilisfastur erlendis, og halda eftir af kaupí eftir þörfum í því skyni. Tilsvarendi ákvæði gilda um innheimtu af kaupí manna, sem hér eru búsettir, og sýnist ástæðulaust, að önnur fyrirmæli gildi um erlenda menn að þessu leyti.“